

KADECO – Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar stýttir tíma sem fer í leit að skjölum um 30%



CoreData er skjalastjórnunarlausn þar sem viðskiptavinir fá allt í einum pakka. CoreData gerði Kadeco kleift að setja upp miðlæga skjalastjórnun og bæta vinnslutíma með skjöl og á sama tíma að uppfylla staðla Þjóðskjalasafns Íslands.



Áskoranir

- Fjöldi geymslustaða fyrir gögn og óskipulögð skjalastjórnun. Kadeco teymið stóð frammi fyrir gríðarlega krefjandi fjárfestingarverkefnum sem fólu í sér geymslu skjala er snéru að eignum og verkefnum. Þetta hafði í för með sér að erfitt var að deila skjölum og veita aðilum aðgang að þeim.
- Leit að skjölum var óhagkvæm og erfið. Kadeco teymið eyddi of miklum tíma að leita að skjölum sem snéru að verkefnum tengdum eignum, framkvæmdum og lóðum.
- Skortur á samræmdri skjalastjórnun og samræmingu heita á skrá og skjölum hafði gríðarleg áhrif á innra verkflæði og samskipti í verkefnum.
- Velgengni Kadeco leiddi til fleiri starfsmanna og nýrra lóða, eigna og fleiri þróunarverkefna. Árið 2013 sá forstjóri Kadeco að það væri mikilvægt að uppfæra skjalastjórnunarkerfi félagsins til að halda betur utan um verkefni og viðskiptavinum.

KADECO

KEFLAVIK AIRPORT DEVELOPMENT COMPANY

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, er félag í eigu ríkisins sem hefur það meginmarkmið að leiða samstarf íslenska ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurflugvöll.

Staðsetning Ísland
Iðnaður Framleiðsla

Lausnir

- Heildarlausn CoreData á sviði skjalastjórnunar varð lykilþáttur í starfsemi Kadeco. Forstjóri Kadeco sá strax hvernig teymið gæti orðið skilvirkara og um leið haldið hæsta gæðastigi hvað varðar skjöl með notkun á CoreData.
- Skjalaflutningur yfir í skýjalausn CoreData var fyrsta skrefið í átt að betri skjalavinnslu hjá Kadeco. Fyrirliggjandi magn skjala var gríðarlega mikið svo það þurfti að fara að öllu með gát.
- CoreData útbjó heildrænt stafrænt vinnusvæði með sniðmátum fyrir skrár vegna mismunandi verkefni Kadeco. Sem dæmi má nefna fjárfestingar, framkvæmdir, eignalista, leigusamninga, mannauð og fleira.
- Þar sem Kadeco er ríkisfyrirtæki þarf að skila öllum gögnum og skýrslum til Þjóðskjalasafns á fimm ára fresti. **CoreData útbjó stefnu er varðar varðveislu skjala sem fylgir öllum reglum og stöðlum er það varðar.**



„Kadeco þjónustar fjárfesta og fyrirtæki sem vilja staðsetja sig nálægt flugvallasvæðinu frá A-Ö. Á sama máta þjónustar CoreData Kadeco frá A-Ö á sviði skjalalausna. CoreData er heildarlausn sem gerir okkur kleift að halda utan um skjöl og stýra verkefnum á skipulagðan, öruggan og pappírslausan máta í skýinu.“

Anna Steinunn Jónasdóttir,
verkefnastjóri.

Niðurstaða



Aðgangur að skjölum á öruggan, hraðvirkan og auðveldan máta, óháð staðsetningu.



Tíminn sem að fer í að finna skjöl stýttist verulega með skilvirkri heildartextaleit.



Skilvirk innri og ytri samvinna.



Aukið öryggi og eftirlit með skjölum.

- Stafrænt vinnusvæði CoreData tryggði rekstrarsamfellu Kadeco. Félagið er nú betur í stakk búið til að verjast netógnunum og takast á við verkefnatruflanir og mannabreytingar.
- Nýtt skipulagt verkefnavinnusvæði Kadeco jók framleiðni og dró úr streitu teymisins þar sem áhyggjur af týndum skjölum eða ranglega staðsettum skjölum heyrði sögunni til.
- Kadeco teymið uppgötvaði að **30% minni tími fór í að leita að skjölum.**
- Sérniðin sniðmát með innfyllanlegum reitum leiða til heildrænnar skjalauppbyggingar.
- Forstjóri Kadeco gat andað léttar vitandi að félagið fylgir stöðlum og reglum Þjóðskjalasafns um afhendingu skjala til varðveislu.